

Til sveitastjórna

Reykjavík, 1. nóvember 2022
UST202209-125/Ý.G.
00.06

Efni: Tilnefning í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála

Með setningu laga um stjórn vatnamála var sett á fót nýtt stjórnkerfi sem miðar að verndun íslenskrar vatnsauðlindar til framtíðar. Hið nýja stjórnkerfi felur í sér heildstæða og samræmda stjórn vatnamála, rannsóknir og vöktun sem byggir á samvinnu stjórnvalda, stofnana, ráðgjafa, sveitarfélaga, eftirlitsaðila, hagsmunaaðila og almennings. Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í apríl síðastliðnum, fyrir árin 2022-2027.

Ísland er eitt vatnaumdæmi samkvæmt skilgreiningu laga, en landinu er skipt í fjögur vatnasvæði og á hverju svæði skal starfa vatnasvæðanefnd. Hlutverk vatnasvæðanefnda er fyrst og fremst að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar og veita upplýsingar vegna gerðar vöktunaráætlunar, aðgerðaráætlunar og vatnaáætlunar. Vatnasvæðanefnd skal einnig vera rannsóknastofnunum til ráðgjafar vegna verkefna sem þeim eru falin í samningum við Umhverfisstofnun um málefni sem snerta viðkomandi vatnasvæði. Heimilt er að stofna stýrihóp innan hvers vatnasvæðanefndar til að samræma framkvæmd vinnunnar.

Umhverfisstofnun skipar fulltrúa í vatnasvæðanefnd ásamt varamönnum og skal óska eftir tilnefningum í hana frá sveitarfélögum, heilbrigðisnefndum á viðkomandi vatnasvæði og ráðgjafarnefndum. Fulltrúi Umhverfisstofnunar er formaður nefndarinnar og boðar til fundar a.m.k einu sinni á ári.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir að sveitarfélög tilnefni fulltrúa sinn, og annan til vara, sem og fulltrúa náttúruverndar- eða umhverfisnefndar sveitarfélags ef slík nefnd starfar á svæðinu, í vatnasvæðanefnd með tilvísan í 6. gr. reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Þar sem mörk vatnasvæðanefnda geta náð yfir fleiri en eitt sveitarfélag þá er sveitarfélögum heimilt að sameinast um fulltrúa í vatnasvæðisnefnd. Tilnefningaraðilar bera kostnað af setu fulltrúa sinna í nefndinni.

Tilnefningar óskast eigi síðar en 21. nóvember n.k. með rafrænum hætti á eyðublaði í Microsoft Forms: <https://forms.office.com/r/9M4Fs3vMtx>.

Staðfesting á tilnefningu óskast með tölvupósti á ust@ust.is með tilvísun UST202209-125.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir,
forstjóri

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir,
sviðsstjóri